



Láναςjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2017

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstremisýfirlit	7
Skýringar	8-24

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Hjá Lánasjóðnum starfa þrír starfsmenn líkt og verið hefur frá árinu 2009.

Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 432,3 milljónum króna samanborið við 699,8 milljónir króna á sama tíma árið 2016.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 77.007 milljónir króna á móti 78.024 milljónum króna í árslok 2016. Útlán sjóðsins námu 69.179 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 71.175 í árslok 2016. Þá nam eigið fé 17.114 milljónum króna á móti 17.172 milljónum króna í árslok 2016 og hefur lækkað um 0,3% á tímabilinu. Greiddur var arður vegna 2016 á tímabiliinu að fjárhæð 491 milljónir króna. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 99% en var 85% í árslok 2016.

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 27.

Stjórnunarhættir

Stjórn Lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015. Í mars 2013 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenning þessi var seinast uppfærð í mars 2016. Til frekari upplýsinga er vísað í ársskýrslu sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2017 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaði ársins 2017.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2017


Anna Lára Jónsdóttir


Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður


Kristinn Jónsson


Elfió Vignisson


Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri


Helga Benediktsdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á samandregnum árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 23. ágúst 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.



Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2017

		2017	2016
	Skýr.	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		2.222.615.253	2.409.909.470
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.705.491.545)	(1.877.277.366)
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	517.123.708	532.632.104
Aðrar rekstrartekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	14.363.120	11.446.515
Hreinn gjaldeyrismunur	7	(11.136.370)	(5.795.231)
Aðrar rekstrartekjur samtals		3.226.750	5.651.284
Hreinar rekstrartekjur		520.350.458	538.283.388
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	8	38.448.564	47.049.093
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	9	22.199.993	22.704.256
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		5.750.000	4.904.000
Annar rekstrarkostnaður	10	23.923.786	28.909.252
Afskriftir	17	597.811	597.814
Almennur rekstrarkostnaður samtals		90.920.154	104.164.415
Tekjuf. v. krafna á gjaldþrota fjármálastofnanir	16	2.871.460	265.677.517
Hagnaður tímabilsins		432.301.764	699.796.490
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	11	0,09	0,14

Efnahagsreikningur 30. júní 2017

	Skýr.	30.6.2017	31.12.2016
Eignir			
Innstæður í Seðlabanka	12	7.220.208.335	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	13	261.078.810	249.936.916
Útlán og kröfur	14	69.139.349.134	70.510.956.942
Skammtímaútlán	15	40.126.667	663.848.611
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16,18	300.171.031	927.919.306
Rekstrarfjármunir	17	43.640.401	44.238.212
Aðrar eignir		2.434.850	1.205.704
Eignir samtals		<u>77.007.009.228</u>	<u>78.024.177.143</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19	56.949.012.426	57.058.760.797
Aðrar langtímalántökur	20	2.275.638.223	3.175.802.373
Skammtímalántökur	21	580.658.131	415.592.683
Lífeyrisskuldbinding	22	73.437.531	74.589.521
Aðrar skuldir	23	14.634.291	127.104.907
Skuldir samtals		<u>59.893.380.602</u>	<u>60.851.850.281</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.263.597.766	1.274.171.094
Annað eigið fé		10.850.030.860	10.898.155.768
Eigið fé samtals	24	<u>17.113.628.626</u>	<u>17.172.326.862</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>77.007.009.228</u>	<u>78.024.177.143</u>

Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2017				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.274.171.094	10.898.155.768	17.172.326.862
Arðgreiðsla vegna ársins 2016			(491.000.000)	(491.000.000)
Hagnaður tímabilsins			432.301.764	432.301.764
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		(10.573.328)	10.573.328	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.263.597.766	10.850.030.860	17.113.628.626
Breytingar á eigin fé 2016				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.250.000.000	10.462.196.770	16.712.196.770
Arðgreiðsla vegna ársins 2015			(523.000.000)	(523.000.000)
Hagnaður janúar - júní			699.796.490	699.796.490
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.250.000.000	10.638.993.260	16.888.993.260
Hagnaður júlí - desember			283.333.602	283.333.602
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		24.171.094	(24.171.094)	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.274.171.094	10.898.155.768	17.172.326.862

* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Í júní 2016 voru samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga sem fólu í sér nýjar kröfur um bindingu eiginfjár vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 24.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

	Skýr.	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		432.301.764	699.796.490
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(517.123.708)	(532.632.104)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir		128.352.059	46.100.420
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	14,19	41.330.104	101.443.933
Lífeyrisskuldbinding, (lækkun)	22	(1.151.990)	(824.529)
Afskriftir	17	597.811	597.814
		<u>(347.995.724)</u>	<u>(385.314.466)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt langtímalán		(1.907.867.564)	(2.467.645.725)
Innheimt langtímalán		3.917.661.120	3.457.458.031
Fjáreignir á gangvirði, lækkun / (hækkun)		641.346.041	(262.437.864)
Skammtímalán veitt af sjóðnum, lækkun		610.000.000	190.000.000
Skammtímalán tekin af sjóðnum, hækkun / (lækkun)		164.954.010	(29.769.218)
Aðrar eignir, (hækkun) / lækkun		(1.229.146)	1.463.825
Aðrar skuldir, (lækkun) / hækkun		(112.470.616)	108.606.823
Fengnir vextir		1.404.096.542	1.491.528.270
Greiddir vextir		<u>(1.157.305.196)</u>	<u>(1.125.390.697)</u>
		3.559.185.191	1.363.813.445
Handbært fé frá rekstri		3.643.491.231	1.678.295.469
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka		2.014.420.084	1.695.794.488
Afborganir langtímalána		(3.561.690.255)	(2.978.785.761)
Arðgreiðsla til sveitarfélaga		<u>(491.000.000)</u>	<u>(523.000.000)</u>
		(2.038.270.171)	(1.805.991.273)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.605.221.060	(127.695.804)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		57.717	4.739.318
Handbært fé í ársbyrjun		<u>5.876.008.368</u>	<u>5.175.857.183</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u><u>7.481.287.145</u></u>	<u><u>5.052.900.697</u></u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Innstæður í Seðlabanka		7.220.208.335	4.765.527.740
Kröfur á lánastofnanir		261.078.810	287.372.957
		<u>7.481.287.145</u>	<u>5.052.900.697</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrntæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrntæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrntækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti árshlutareikning sjóðsins þann 23. ágúst 2017.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum og á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ Iceland hf., www.nasdaqomxnordic.com.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2016.

4. Áhættustýring

Sem lánaþyrntæki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn Lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skuli fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Ernst & Young ehf. er innri endurskoðandi Lánasjóðsins.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og þyrntækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarfélögin eru nú 74 talsins og eru 61 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynt traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og Lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. 30. júní 2017 eru 99,9% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsútsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Þann 30. júní 2017 var einn viðskiptamaður flokkaður sem viðskiptamaður með stóra áhættuskuldbindingu hjá Lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 625/2013 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 56% af heildarútlánnum sjóðsins, líkt og í árslok 2016. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögnum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2017 hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2017	31.12.2016
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Innstæður í Seðlabanka	7.220	5.626
Kröfur á lánastofnanir	261	250
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	69.179	71.175
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	300	928
Aðrar eignir	2	1
Samtals mótaðilaáhætta	76.963	77.980

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af vaxtaberandi skuldum sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðsluflæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 30.6.2017 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	7.481	-	-	-	-	7.481
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	300	-	-	-	-	300
Útlán	331	3.182	6.128	34.874	41.028	85.543
Samtals fjáreignir	8.112	3.182	6.128	34.874	41.028	93.324
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	793	2.466	5.205	29.023	36.988	74.475
Samtals fjárskuldir	793	2.466	5.205	29.023	36.988	74.475
Nettó eignir - skuldir	7.319	716	923	5.851	4.040	18.849

Staða 31.12.2016 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	5.876	-	-	-	-	5.876
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	923	-	-	-	-	923
Útlán	815	2.990	6.440	35.317	42.724	88.286
Samtals fjáreignir	7.614	2.990	6.440	35.317	42.724	95.085
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	417	2.882	4.761	29.049	38.337	75.446
Samtals fjárskuldir	417	2.882	4.761	29.049	38.337	75.446
Nettó eignir - skuldir	7.197	108	1.679	6.268	4.387	19.639

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2017 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	7.229	24.628	17.566	15.233	64.655
ISK óverðtryggt	9.738	-	-	-	9.738
EUR	2.387	-	-	-	2.387
USD	45	-	-	-	45
GBP	9	-	-	-	9
JPY	53	-	-	-	53
CHF	73	-	-	-	73
Samtals fjáreignir	19.534	24.628	17.566	15.233	76.960
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	5.852	21.082	14.982	15.205	57.121
ISK óverðtryggt	705	-	-	-	705
EUR	2.104	-	-	-	2.104
USD	0	-	-	-	0
Samtals fjárskuldir	8.661	21.082	14.982	15.205	59.930
Nettó eignir - skuldir	10.873	3.546	2.584	28	17.030

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2016 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	7.036	23.971	18.927	15.096	65.030
ISK óverðtryggt	9.466	-	-	-	9.466
EUR	3.146	-	-	-	3.146
USD	186	-	-	-	186
JPY	10	-	-	-	10
CHF	65	-	-	-	65
GBP	77	-	-	-	77
Samtals fjáreignir	19.986	23.971	18.927	15.096	77.979
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	5.696	20.170	16.495	14.862	57.224
ISK óverðtryggt	416	-	-	-	416
EUR	2.877	-	-	-	2.877
USD	133	-	-	-	133
Samtals fjárskuldir	9.122	20.170	16.495	14.862	60.650
Nettó eignir - skuldir	10.864	3.801	2.431	233	17.329

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30. júní 2017 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 126 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,7% af eigin fé (árslok 2016: 130 milljónir króna eða 0,8% af eigin fé). Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2017 31.12.2016	
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	128	133
ISK óverðtryggt	100	(1)	(2)
Erlendar myntir	100	(1)	(1)
Samtals		126	130

Verðbólguáhætta

Þann 30. júní 2017 átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 7.534 milljónir króna (árslok 2016: 7.806 milljónir króna). Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 75 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 75 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	30.6.2017	31.12.2016
Verðtryggðar eignir	64.655	65.030
Verðtryggðar skuldir	57.121	57.224
Nettó verðtryggingarstaða	7.534	7.806

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Næmigreining gjaldmiðla

Næmigreining gjaldmiðlastöðu sjóðsins sýnir að 10% veiking íslensku krónunnar eykur hagnað og eigið fé sjóðsins um 46 milljónir króna eða 0,3% af eigin fé. Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað og eigin fé Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	30.6.2017 31.12.2016	
		Hagnaður eða tap	
EUR	(10%)	28	27
USD	(10%)	5	5
JPY	(10%)	5	7
CHF	(10%)	7	7
GBP	(10%)	1	1
Samtals		46	46

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem árshlutareikningur þessi nær til:

	30.6.2017	31.12.2016	Breyting í %
EUR/ISK	118,16	119,46	(1,1%)
USD/ISK	103,59	113,09	(8,40%)
JPY/ISK	0,9254	0,9684	(4,4%)
CHF/ISK	108,07	111,12	(2,7%)
GBP/ISK	134,31	139,25	(3,55%)

4.4 Gjaldmiðlaáhætta frh.

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 30.6.2017

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	233	1	-	-	234
Útlán	2.154	44	53	82	2.333
Samtals fjáreignir	2.387	45	53	82	2.567
Fjárskuldir					
Lántökur	2.104	-	-	-	2.104
Samtals fjárskuldir	2.104	0	0	0	2.104
Nettó eignir - skuldir	283	45	53	82	463

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2016

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	228	-	-	-	229
Útlán	2.918	185	65	87	3.255
Samtals fjáreignir	3.146	186	65	87	3.484
Fjárskuldir					
Lántökur	2.877	133	-	-	3.010
Samtals fjárskuldir	2.877	133	0	0	3.010
Nettó eignir - skuldir	269	53	65	87	474

4.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánsamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

4.5.1 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmiskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

4.5.2 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðum dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Engin dómsmál eru útistandandi gegn Lánasjóðnum.

4.6 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins.

Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (Tier 1).

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt byggt á Basel II staðal. Basel II skiptist niður í Stoð 1 (Pillar 1) og Stoð 2 (Pillar 2). Í Stoð 1 er áhættuþáttum skipt í útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu.

Í Stoð 2 er farið í nánari útfærslu á eigin mati og mælingum sjóðsins á eiginfjárlutfallinu sem svo er grundvöllur fyrir ICAAP matinu. Árið 2015 mat sjóðurinn eiginfjárbörf sína með svonefndu ICAAP ferli og undirgekkst SREP ferli FME og fékk skýrslu þar um. Mat sjóðsins á eiginfjárbörf með ICAAP/SREP ferlinu er lykilorð í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

Í júlí 2015 tóku gildi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem innleiddi ákvæði um eiginfjáruka sem byggir á hugmyndafræði Basel III staðals. Fimm eiginfjárukar eru skilgreindir, verndunarauki, sveiflujöfnunarauki, eiginfjáruki vegna kerfisáhættu, eiginfjáruki á kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og eiginfjáruki á önnur kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtækjum er ætlað að nota viðeigandi eiginfjáruka, til að bæta eiginfjárstöðu sína, til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera betur í stakk búnir til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflum í hagkerfinu. Lágmarks eiginfjárkrafa Lánasjóðsins, eftir breytingu á lögum, fyrir árið 2017, verður 9,25%.

5. Hreinar vaxtatekjur	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	2.052.039.497	2.273.426.156
Handbært fé og skammtímakröfur	170.575.756	136.483.314
	<u>2.222.615.253</u>	<u>2.409.909.470</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	1.705.491.545	1.877.277.366
Hreinar vaxtatekjur	<u>517.123.708</u>	<u>532.632.104</u>

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Markaðsskuldabréf og víxlar	0	1.614.535
Hlutdeildarskírteini	14.363.120	9.831.980
	<u>14.363.120</u>	<u>11.446.515</u>

7. Hreinn gjaldeyrismunur	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Útlán	(45.562.599)	(165.817.135)
Lántökur	34.483.946	164.761.222
Kröfur á lánastofnanir	(57.717)	(4.739.318)
	<u>(11.136.370)</u>	<u>(5.795.231)</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabils unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum líkt og áður. Mismunur á milli ára skýrist af starfsmannabreytingum sem urðu á árinu 2016. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustubáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Stjórnarmenn fá 8% mótframlag í lífeyrissjóð frá sjóðnum og framkvæmdastjóri 12%.

	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Laun	31.935.629	39.365.703
Greitt mótframlag í lífeyrissjóð	3.408.649	4.048.680
Önnur launatengd gjöld	3.104.286	3.634.710
	<u>38.448.564</u>	<u>47.049.093</u>
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	12.454.732	10.458.937
Stjórnarmenn:		
Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður	984.942	914.711
Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar	656.634	609.811
Helga Benediktsdóttir, aðalm. og form.endursk.nefndar	853.626	801.165
Elliði Vignisson, aðalmaður	656.634	609.811
Eydís Ásbjörnsdóttir, aðalmaður	437.756	609.811
Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður	218.878	0
Kristín María Birgisdóttir, varamaður	109.439	0
	<u>3.917.909</u>	<u>3.545.309</u>

9. Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Viðskiptavakt	17.750.000	17.750.000
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	545.130	934.500
Árlegur kostnaður vegna verðbréfa	3.904.863	4.019.756
	<u>22.199.993</u>	<u>22.704.256</u>

10. Annar rekstrarkostnaður	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga	9.826.464	8.933.664
Sérfræðiþjónusta / lögfræðiþjónusta ofl.	1.347.300	7.546.960
Rekstur húsnæðis	2.658.859	3.072.605
Tölvur og tölvukerfi	3.089.981	2.343.381
Endurskoðun og tengd þjónusta	3.003.536	2.357.625
Ferðakostnaður	1.707.873	1.403.624
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	372.685	761.321
Önnur rekstrargjöld	1.917.088	2.490.072
	<u>23.923.786</u>	<u>28.909.252</u>

11. Hagnaður á hlut	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Hagnaður tímabilsins	432.301.764	699.796.490
Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,09</u>	<u>0,14</u>

12. Innstæður í Seðlabanka	30.6.2017	31.12.2016
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	406.767.502	316.279.786
Bundin innlán í Seðlabanka	6.813.440.833	5.309.791.666
	<u>7.220.208.335</u>	<u>5.626.071.452</u>

Innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok tímabilsins í samræmi við sjóðstremisýfirlit að fjárhæð samtals 7.481 milljónir króna samanborið við 5.876 milljónir krónar í árslok 2016.

13. Kröfur á lánastofnanir	30.6.2017	31.12.2016
Bankareikningar	<u>261.078.810</u>	<u>249.936.916</u>

14. Útlán og kröfur	30.6.2017	31.12.2016
Verðtryggt útlán	64.655.084.497	65.029.817.912
Útlán í erlendri mynt	2.334.025.030	3.253.960.055
Óverðtryggt útlán	2.150.239.607	2.227.178.975
	<u>69.139.349.134</u>	<u>70.510.956.942</u>

Eftirstöðvar affalla og lántökupóknunar 30. júní 2017 eru 318,9 milljónir króna. Í árslok 2016 voru eftirstöðvarnar 323,8 milljónir króna.

15. Skammtímaútlán	30.6.2017	31.12.2016
Óverðtryggt lán í krónum	<u>40.126.667</u>	<u>663.848.611</u>

16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði**30.6.2017****31.12.2016**

Hlutdeildarskírteini ofl.	<u>300.171.031</u>	<u>927.919.306</u>
	<u>300.171.031</u>	<u>927.919.306</u>

Auk þess á Lánasjóðurinn útstandandi kröfur á þrotabú fallinna bankastofnana sem lýst er hér að neðan.

Með dómi Hæstaréttar þann 30. maí 2016 var krafa Lánasjóðsins á hendur Glitni banka hf. á grundvelli afleiðusamninga, viðurkennd að fjárhæð 888,7 milljónir. Áætlaðar endurheimtur er um 30%. 259 milljónir voru tekjufærðar 2016 og á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2017 var tekjufært 2,8 milljónir.

Lánasjóðurinn á kröfu á SPRON að fjárhæð 135 milljónir króna, sem samþykkt var 10. mars 2010. Áætlaðar endurheimtur eru undir 5%. 5,9 milljónir króna voru tekjufærðar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2016.

17. Rekstrarfjármunir**30.6.2017****31.12.2016**

Bókfært verð í ársbyrjun	44.238.212	45.433.840
Afskriftir tímabils	<u>(597.811)</u>	<u>(1.195.628)</u>
Bókfært verð í lok tímabils	<u>43.640.401</u>	<u>44.238.212</u>

Bókfært verð í lok tímabils greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.372	59.781.372
Samsafnaðar afskriftir	<u>(16.140.971)</u>	<u>(15.543.160)</u>
Bókfært verð í lok tímabils greinist þannig:	<u>43.640.401</u>	<u>44.238.212</u>

Fasteignamat í árslok 2016 nam 87,0 milljónum og brunabótamat 85,9 milljónum króna. Vátryggingarmat fasteigna fyrir 2016 var 81 milljónir króna.

18. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS 39 "Fjármálagerningar, skráning og mat", ber að flokka fjáreignir og fjárskuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þessar eignir og skuldir eftir upphaflega skráningu þeirra.

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Fjáreignir á gangvirði, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, eru færðar á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra:

30. júní 2017	Lán og kröfur	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	Samtals Bókfært virði	Gangvirði
Fjáreignir					
Innstæður í Seðlabanka	7.220.208.335	-	-	7.220.208.335	7.220.208.335
Kröfur á lánastofnanir	261.078.810	-	-	261.078.810	261.078.810
Útlán og kröfur	69.139.349.134	-	-	69.139.349.134	68.939.260.862
Skammtímaútlán	40.126.667	-	-	40.126.667	40.126.667
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	-	300.171.031	-	300.171.031	300.171.031
Fjáreignir samtals	76.660.762.946	300.171.031	0	76.960.933.977	76.760.845.705
Fjárskuldir					
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	-	-	59.805.308.780	59.805.308.780	63.294.838.537
Fjárskuldir samtals	0	0	59.805.308.780	59.805.308.780	63.294.838.537
31. desember 2016					
Fjáreignir					
Innstæður í Seðlabanka	5.626.071.452	-	-	5.626.071.452	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	249.936.916	-	-	249.936.916	249.936.916
Útlán og kröfur	70.510.956.942	-	-	70.510.956.942	69.802.012.286
Skammtímaútlán	663.848.611	-	-	663.848.611	663.848.611
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	-	927.919.306	-	927.919.306	927.919.306
Fjáreignir samtals	77.050.813.921	927.919.306	0	77.978.733.227	77.269.788.571
Fjárskuldir					
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	-	-	60.650.155.853	60.650.155.853	63.002.609.414
Fjárskuldir samtals	0	0	60.650.155.853	60.650.155.853	63.002.609.414

Gangvirði skuldabréfa Lánasjóðsins byggir á gengi bréfanna á markaði 30. júní 2017.

Gangvirði útlána er metið með því að núvirða greiðslufærði útlánasafnsins með ávöxtunarkröfu skuldabréfa lánasjóðsins auk 0,15% álags. Vaxtaálagið skiptist í 0,05% álag til að koma til móts við rekstrarkostnað auk 0,10% álags til að mæta beinum útlögðum kostnaði við útgáfu og viðskiptavakt sjóðsins.

18. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Lánasjóðurinn notar þrepaskiptingu til að skýra mismunandi inntak á gangvirði. Þrepaskiptingin raðar inntökum í þrjú almenn þrep á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint eða óbeint (afleidd verð).

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði í efnahagsreikningi.

30. júní 2017

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	300.171.031	-	-	300.171.031
Samtals	<u>300.171.031</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>300.171.031</u>

31. desember 2016

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	923.234.814	4.684.492	-	927.919.306
Samtals	<u>923.234.814</u>	<u>4.684.492</u>	<u>0</u>	<u>927.919.306</u>

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins sem ekki eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi.

30. júní 2017

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Innstæður í Seðlabanka	-	7.220.208.335	-	7.220.208.335
Kröfur á lánastofnanir	-	261.078.810	-	261.078.810
Útlán og kröfur	-	69.139.349.134	-	69.139.349.134
Skammtímaútlán	-	40.126.667	-	40.126.667
Samtals	<u>0</u>	<u>76.660.762.946</u>	<u>0</u>	<u>76.660.762.946</u>
Fjárskuldir				
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	59.805.308.780	-	-	59.805.308.780
Samtals	<u>59.805.308.780</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>59.805.308.780</u>

31. desember 2016

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Innstæður í Seðlabanka	-	5.626.071.452	-	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	-	249.936.916	-	249.936.916
Útlán og kröfur	-	70.510.956.942	-	70.510.956.942
Skammtímaútlán	-	663.848.611	-	663.848.611
Samtals	<u>0</u>	<u>77.050.813.921</u>	<u>0</u>	<u>77.050.813.921</u>
Fjárskuldir				
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	60.650.155.853	-	-	60.650.155.853
Samtals	<u>60.650.155.853</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>60.650.155.853</u>

19. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósentu*		30.6.2017	31.12.2016
	30.6.2017	31.12.2016		
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	131.107.888	194.606.793
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	670.431.191	650.068.055
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	3.216.040.661	3.887.324.090
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	4,64%	4,64%	23.392.089.350	24.542.314.214
LSS 150434, lokagjalddagi 2034	3,44%	3,48%	23.806.165.199	22.049.239.146
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,29%	5,29%	2.294.659.510	2.337.891.636
LSS 151155, lokagjalddagi 2055	3,07%	3,07%	3.438.518.627	3.397.316.863
Verðbréfaútgáfa samtals			56.949.012.426	57.058.760.797

* Vegin meðaltals vaxtaþrósentu er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

Eftirstöðvar affalla og lántökukostnaðar 30. júní 2017 eru 305,5 milljónir króna. Í árslok 2016 voru eftirstöðvarnar 469 milljónir króna.

20. Aðrar langtímalántökur

	Vaxtaþrósentu		30.6.2017	31.12.2016
	30.6.2017	31.12.2016		
EUR lán (Euribor-álag)	0,23%	0,22%	2.103.788.670	2.877.193.163
USD lán (Libor-álag)		0,14%	0	133.444.226
ISK lán (verðtryggðir fastir vextir)	6,09%	6,09%	171.849.553	165.164.984
Aðrar lántökur samtals			2.275.638.223	3.175.802.373

21. Skammtímalántökur	Vaxtaþrósentu		30.6.2017	31.12.2016
	30.6.2017	31.12.2016		
ISK lán (óverðtryggð)	4,75%	5,25%	580.658.131	415.592.683

Lánasjóðurinn á eigin bréf af útgáfum LSS 150224 og LSS 150434, sem eru lánuð út til viðskiptavaka. Verðbréfalán til viðskiptavaka námu 278 milljónir króna þann 30. júní 2017, að veði voru 154 milljónir króna af handbæru fé og 124 milljónir króna af Ríkisbréfum.

22. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fer fram árlega og er hún færð í ársreikninginn í lok hvers árs miðað við 2,0% ársvexti og lífslíkur skv. reynslu árána 2007-2011 og 50% af örorkulíkum. Miðað er við 65 ára ellilífeyrisaldur starfandi sjóðfélaga við útreikning skuldbindingarinnar. Ekki er um skuldbindingu vegna núverandi starfsmanna Lánasjóðsins að ræða.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	30.6.2017	31.12.2016
Frá fyrra ári	74.589.521	71.000.943
Greiddur lífeyrir á tímabilinu	(1.151.990)	(2.178.804)
Hækkun skuldbindingar	0	5.767.382
Lífeyrisskuldbinding samtals	73.437.531	74.589.521

23. Aðrar skuldir	30.6.2017	31.12.2016
Lánadrottnar	11.301.509	1.889.070
Ógreidd launatengd gjöld	3.332.782	3.150.543
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	0	122.065.294
Aðrar skuldir samtals	14.634.291	127.104.907

24. Eigið fé

Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu. Með breytingu á lögum nr. 161/2002, júlí 2015, þar sem ákvæði um eiginfjáruka, í samræmi við Basel III staðalinn, var innleitt þá mun lágmarks eiginfjárkrafa fyrir árið 2017 verða 9.25%

30. júní 2017 nam heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn sjóðsins, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall sjóðsins 30. júní 2017 og í árslok 2016.

	30.6.2017	31.12.2016
Eiginfjárgrunnur		
Hlutfé	5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	1.250.000.000
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting	13.597.766	24.171.094
Annað eigið fé	10.850.030.860	10.898.155.768
Eiginfjárgrunnur samtals	17.113.628.626	17.172.326.862
Áhættugrunnur		
Útlánaáhætta	15.002.284.801	17.928.927.160
Markaðsáhætta	463.961.957	472.165.997
Rekstraráhætta	1.750.141.402	1.750.141.402
Áhættugrunnur samtals	17.216.388.160	20.151.234.559
Eiginfjárlutfall		
Eiginfjárlutfall	99%	85%

Á meðal óráðstafaðs eigin fjár er sérliður vegna bundinna óinnleysta gangvirðisbreytinga sem kemur til vegna breytinga í ársreikningalögum nr. 3/2006. Breytingarnar tóku gildi í júní 2016 og fela í sér nýjar kröfur um bindingu eiginfjár vegna óinnleysts gangvirðisbreytinga af fjármálagerningum sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í eiginfjárfirliti. Enn ríkir nokkur óvissa um túlkun og framkvæmd þessara lagabreytinga og því gæti framsetning í eiginfjárfirliti og skýringum tekið breytingum á næstu misserum.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 99%. Við síðustu uppfærslu lánshæfismats ríkisins 13. janúar 2017, fluttust erlend lán sveitarfélaga á milli flokka, úr því að vera 100% áhættuvegin í að vera 50% vegin. Eftir þessa breytingu hækkar eiginfjárlutfall Lánasjóðsins úr 85% í árslok 2016 í 99% þann 30. júní.

Sjóðurinn metur eiginfjárpörf sína með innra matsferli og skilaði til Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar um á árinu 2016. Innra matsferli sjóðsins á eiginfjárpörf er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið mat skýrslu Lánasjóðsins skv. sérstöku eftirlitsferli (SREP). Niðurstöður matsins voru kynntar Lánasjóðnum og sýna að eiginfjárstaða sjóðsins er vel yfir viðmiðunarmörkum sem sjóðurinn hefur sett sér og einnig vel yfir þeim mörkum sem Fjármálaeftirlitið telur rétt að setja sjóðnum.

25. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem stjórn, framkvæmdastjóri og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn og varastjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem eru á meðal 10 stærstu hluthafa sjóðsins. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til tengdra aðila eru sem hér segir:

	1.1.-30.6.2017	1.1.-31.12.2016
Staða 1. janúar	43.276.090.203	43.440.219.016
Ný lán.....	1.114.120.275	4.318.636.973
Afborganir lána.....	(2.545.377.988)	(4.959.688.751)
Aðrar breytingar.....	791.152.218	476.922.965
Staða í lok tímabils.....	<u>42.635.984.708</u>	<u>43.276.090.203</u>
Vaxtatekjur.....	822.164.916	1.600.662.628
Vaxtagjöld.....	11.058.517	22.483.255

Upplýsingar um laun stjórnenda, sjá skýringu nr. 8.

Gjöld til Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá skýringu nr. 10.

Skammtímaskuld við tengda aðila í lok tímabils, sjá skýringu 21.

Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á tímabilinu.

26. Lánveitingar

Hér að neðan má sjá sundurliðun á stöðu lána þeirra sveitarfélaga sem eru lántakar hjá lánasjóðnum, samtals 58.051 m.kr. Auk þess hefur lánasjóðurinn veitt lán til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að fjárhæð 11.140 m.kr. Samtals 69.191 m.kr.

Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.	Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.
Kópavogsbær	8.091	34.140	Seyðisfjarðarkaupstaður	323	658
Hafnarfjarðarkaupstaður	8.041	28.189	Langanesbyggð	286	505
Sveitarfélagið Árborg	5.604	8.206	Djúpavogshreppur	276	456
Mosfellsbær	3.277	9.481	Tálknafjarðarhreppur	248	267
Fljótsdalshérað	2.951	3.443	Mýrdalshreppur	230	525
Fjarðabyggð	2.857	4.693	Rangárþing eystra	219	1.774
Sveitarfélagið Skagafjörður	2.363	3.902	Strandabyggð	215	467
Ísafjarðarbær	2.025	3.623	Fjallabyggð	204	2.025
Garðabær	1.762	14.717	Dalabyggð	202	678
Sandgerðisbær	1.512	1.577	Húnaþing vestra	172	1.160
Borgarbyggð	1.314	3.637	Hörgársveit	161	557
Hveragerðisbær	1.298	2.463	Skaftárhreppur	159	470
Reykjanesbær	1.161	15.233	Breiðdalshreppur	134	183
Sveitarfélagið Ölfus	1.127	1.956	Eyjafjarðarsveit	58	1.035
Stykkishólmsbær	1.117	1.113	Vopnafjarðarhreppur	53	650
Bolungarvíkurkaupstaður	1.056	904	Sveitarfélagið Hornafjörður	53	2.171
Akraneskaupstaður	1.048	6.908	Grýtubakkahreppur	51	357
Vesturbyggð	1.026	1.013	Kjósarhreppur	43	217
Grímsnes- og Grafningshreppur	796	465	Húnavatnshreppur	41	403
Norðurþing	785	2.825	Seltjarnarneskaupstaður	38	4.415
Grundarfjarðarbær	742	899	Reykholahreppur	32	267
Blönduósbær	645	865	Hvalfjarðarsveit	25	622
Akureyrarkaupstaður	632	18.294	Skútustaðahreppur	23	408
Rangárþing Ytra	574	1.526	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	21	521
Snæfellsbær	554	1.663	Skagabyggð	20	109
Hrunamannahreppur	531	807	Súðavíkurhreppur	18	184
Dalvíkurbyggð	426	1.840	Kaldrananeshreppur	9	103
Bláskógabyggð	372	979	Flóahreppur	9	619
Sveitarfélagið Vogar	352	1.148	Tjörneshreppur	4	60
Þingeyjarsveit	347	918	Árneshreppur	4	55
Reykjavíkurborg	334	122.460			
Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð		Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð	
Félagsbústaðir hf	5.433		Félagsþjónusta A-Hún bs	63	
Orkuveita Reykjavíkur	991		Skagafjarðarveitur	50	
Reykjaneshöfn	902		Jeratún ehf	46	
Norðurá bs.	472		Bolungarvíkurhöfn	35	
Brunavarnir Árnessýslu	385		Fasteignir Húnavatnshrepps ehf.	31	
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili	300		Þorlákshafnarhöfn	27	
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.	297		Dvalarheimilið Kirkjuhvoll	23	
Héraðsnefnd Árneseinga bs.	295		Hólmavíkurhöfn	18	
Selfossvéitur	280		Listasafn Árneseinga	15	
Norðurorka	266		Hitav. Húnaþings vestra	13	
Fasteignafél. Hveragerðisbæjar	246		Orkuveita Húsavíkur	11	
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	237		Hitaveita Laugarvatns	7	
Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs	222		Faxaflóahafnir	7	
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs	149		Strætó bs	6	
SORPA bs	125		Félags- og skólaþj Rangárv & V Ski	3	
Byggðasafnið í Skógum	107		Sorpstöð Héraðs bs	1	
Húnanet	76				

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum, s.s. ársskýrslum og fyrir fjárfesta, sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

27. Hluthafar

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Hér að neðan má sjá sundurliðun allra hluthafa sjóðsins.

Sveitarfélag	Eignarhl. í %	Sveitarfélag	Eignarhl. í %
Akrahreppur	0,08%	Kópavogsbær	5,52%
Akraneskaupstaður	2,41%	Langanesbyggð	0,54%
Akureyrarkaupstaður	5,49%	Mosfellsbær	1,49%
Árneshreppur	0,04%	Mýrdalshreppur	0,37%
Ásahreppur	0,04%	Norðurþing	2,22%
Bláskógabyggð	0,63%	Rangárþing eystra	1,67%
Blönduósbær	1,47%	Rangárþing ytra	1,72%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,83%	Reykholahreppur	0,30%
Borgarbyggð	1,78%	Reykjanesbær	3,03%
Borgarfjarðarhreppur	0,09%	Reykjavíkurborg	17,47%
Breiðdalshreppur	0,35%	Sandgerðisbær	0,63%
Dalabyggð	0,61%	Seltjarnarneskaupstaður	1,16%
Dalvíkurbyggð	1,35%	Seyðisfjarðarkaupstaður	0,98%
Djúpavogshreppur	0,33%	Skaftárhreppur	0,38%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Skagabyggð	0,03%
Eyjafjarðarsveit	0,37%	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,37%
Fjallabyggð	2,39%	Skorradalshreppur	0,02%
Fjarðabyggð	3,00%	Skútustaðahreppur	0,21%
Fljótshálfshérað	1,59%	Snæfellsbær	1,77%
Fljótshreppur	0,03%	Strandabyggð	0,45%
Flóahreppur	0,25%	Stykkishólmsbær	1,85%
Garðabær	3,76%	Súðavíkurhreppur	0,30%
Grindavíkurbær	1,09%	Svalbarðarstandarhreppur	0,18%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,22%	Svalbarðshreppur	0,08%
Grundarfjarðarbær	0,60%	Sveitarfélagið Árborg	3,05%
Grýtubakkahreppur	0,13%	Sveitarfélagið Garður	0,46%
Hafnarfjarðarkaupstaður	4,25%	Sveitarfélagið Hornafjörður	1,35%
Helgafellssveit	0,02%	Sveitarfélagið Skagafjörður	2,34%
Hrunamannahreppur	0,24%	Sveitarfélagið Skagatrönd	0,29%
Húnavatnshreppur	0,15%	Sveitarfélagið Vogar	0,42%
Húnaþing vestra	0,89%	Sveitarfélagið Ölfus	0,86%
Hvalfjarðarsveit	0,22%	Tálknafjarðarhreppur	0,20%
Hveragerðisbær	0,96%	Tjörneshreppur	0,02%
Hörgársveit	0,17%	Vestmannaeyjabær	5,81%
Ísafjarðarbær	4,15%	Vesturbyggð	1,32%
Kaldrananeshreppur	0,06%	Vopnafjarðarhreppur	0,68%
Kjósárhreppur	0,08%	Pingeyjarsveit	0,34%